

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 18, 9. janúar 1985.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá og með 1. apríl 1985.

#### I. Smásala.

Teknir verða upp 2 nýir hitunartaxtar:

##### B.3 Aflmæling — Hitun.

Varmadælur og önnur notkun til hitunar í iðnaði o. fl.

Lágmarksaflgjald 15 kW .....	71 100,00 kr/a
Aflgjald umfram 15 kW .....	4 740,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	1,04 kr/kWh

##### D.3 Órofin hitun.

Til hitunar, varmadæla o. fl.

Orkugjald .....	2,04 kr/kWh
Fastagjald F3 .....	6 630,00 kr/a

Uppsett afl má mest vera 200 kW samkvæmt þessum lið.

Ákvæði um „Innheimtu og lokun“ orðist svo:

##### Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er .....	425,00 kr.
-------------------------------------------------------------------------------------	------------

##### Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er .....	850,00 kr.
---------------------------------------------------------------	------------

#### III. Heimtaugagjöld í þéttbýli

Heimtaugagjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

- 1.1 Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.2 Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.
- 1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
- 1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A Einfasa .....	26 000,00
63 A Þrífasa .....	28 700,00
100 A Þrífasa .....	44 300,00
200 A Þrífasa .....	106 000,00
315 A Þrífasa .....	169 000,00
400 A Þrífasa .....	232 000,00
710 A Þrífasa .....	414 000,00
1200 A Þrífasa .....	699 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

## 1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Yfirlengdargjald	
		Jarðstrengur	Loftlína
63 A Einfasa . . . . .	4 900 kr.	660 kr/m	9 100 kr/stólpa
63 A Þrífasa . . . . .	6 900 kr.	660 kr/m	10 600 kr/stólpa
100 A Þrífasa . . . . .	7 500 kr.	820 kr/m	12 200 kr/stólpa

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínu-staur greiðist að auki kr. 6 250,00.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrentsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

## 1.6 Leita skal samþykkis Rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

## 1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

## 1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppstept — er lagt til Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

## 1.9 Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati Rafmagnsveitnanna.

## 2.0 Frávik.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. mars 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*